

## SKILMÁLAR RÁÐNINGARKERFIS:

1. Skilmálar þessir eiga við um ferli ráðninga á vegum ríkisins.
2. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál nema þar sem lög kveða á um annað, þar á meðal lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
3. Þegar einstaklingur sækir um starf hjá viðkomandi stofnun ríkisins samþykkir umsækjandi þar með að stofnunin og ábyrgðaraðilar kerfis fái aðgang að þeim persónuupplýsingum sem viðkomandi lætur í té enda er tilgangur upplýsingaöflunar um umsækjanda að aðstoða viðkomandi að eiga samskipti við stofnanir ríkisins vegna mögulegra starfa. Umsækjandi samþykkir að veita viðkomandi stofnun ríkisins og ábyrgðaraðilum kerfis heimild til vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem skráðar eru í umsókn.
4. Gögn sem innihalda persónuupplýsingar eru ekki látin þriðja aðila í té nema fyrir liggja skýrt samþykki frá einstaklingi sem persónuupplýsingarnar varða eða þriðji aðili hafi heimild sem byggist á ákvæðum laga eða að fengnum dómsúrskurði.
5. Umsækjandi getur hvenær sem er í ráðningarferlinu dregið umsókn sína til baka með því að tilkynna það til viðkomandi stofnunar.
6. Umsóknargögn vegna starfa hjá ríki verða geymd í samræmi við lög og reglur þar um.
7. Ábyrgðaraðili ráðningarferlis er viðkomandi stofnun ríkisins, en ábyrgðaraðilar ráðningarkerfis eru Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins.